



Úthlutun Uppbyggingarsjóðs Suðurnesja 2026

21. nóvember 2025


Hljómahöll, Reykjanesbær



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURNESJA

Tölfræði

Samtals var úthlutað 53 millj. kr.



Alls bárust 64 umsóknir í Uppbyggingarsjóð Suðurnesja að heildarupphæð rúmlega 160 milljónir króna. Úthlutunarnefnd samþykkti styrkveitingar til 43 verkefna og nam heildarúthlutun 53 milljónum króna. Styrkirnir skiptast milli menningar- og samfélagsverkefna, atvinnu- og nýsköpunarverkefna og stofn- og rekstrarstyrkja á sviði menningar. Menningarverkefnið Safnhelgi Suðurnesja er á þriggja ára samningi og fær nú úthlutað 3,5 milljónum króna sem er annað ár samningsins. Úthlutunin endurspeglar þann mikla metnað og fjölbreytileika sem einkennir verkefni á Suðurnesjum og þau tækifæri sem svæðið býr yfir á sviði menningar, nýsköpunar og atvinnuþróunar.

Styrkþegar

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Hollvinasamtökin Áttæringurinn	Grindavíkurskip – tíróinn áttæringur með grindavíkurlagi	2.500.000 kr.

Grindavíkurskip – tíróinn áttæringur er nýsmíði áraskips, slíkt hefur ekki verið smíðað á Íslandi í 100 ár. Tryggja á að skipið fái öruggan og góðan sess í Grindavík þegar fram líða stundir. Nú þegar að skrokkur áraskipsins hefur verið smíðaður, kerran hefur verið smíðuð, er stefnan á að ljúka verkefninu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Hollvinasamtök Reykjanesvita og nágrennis	Uppbygging útisvæðis Vélarhúss Reykjanesvita	700.000 kr.

“Leiðarljós að lífhöfn” er sýning í Vélarhúsi vitans sem fjallar um sjóslys og afleiðingar þeirra ásamt sögu Reykjanesvita og uppbyggingar á vitakerfi landsins. Sýningin hefur hlotið góðar viðtökur og árið 2026 verður unnið að uppbyggingu útisvæðis sem felst m.a. í því að byggja pall við húsið með rampi sem mun bæta verulega aðgengi að sýningunni, auk sérstaks útsýnispalls.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Suðurnesjabær	Hólmsteinn GK20 80 ára	600.000 kr.

Byggðasafnið á Garðskaga hefur í varðveislu sinni íslenska trébátinn Hólmstein GK20, sem var settur niður á safnasvæðinu á Garðskaga árið 2009. Viðhald bátsins er mikið og mikilvægt til að geta sýnt, varðveitt og miðlað til komandi kynslóða sögu trébátasmíði á Íslandi og sögu sjávar- og strandmenningar á Suðurnesjum og á Íslandi. Með reglulegu viðhaldi safnast einnig þekking um hvernig er best að varðveita trébáta á landi.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Merkir Menn	Merking gamalla húsa í Sandgerði	500.000 kr.

Áhugahópur um merkingu gamalla húsa í Suðurnesjabæ sem nefna sig Merkir menn hafa áhuga á því að skrásetja sögu húsanna og sóttu um að fá að setja skilti við öll þessi hús. Um er að ræða u.þ.b 100 hús sem eiga sér merka sögu í Sandgerði sem mikilvægt er að varðveita. Staðsetning skiltanna og uppsetning verður gerð í fullu samræmi við núverandi eigendur húsanna. Rekinn eru niður rör og fest mynd á þá með stuttum texta um nafn hússins.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Félag eldri borgara í Vogum	Brúum kynslóðabilið	160.000 kr.

Leikskólabörn frá Suðurvöllum í Vogum koma og vinna með eldri borgurum. Markmið er að tengja saman kynslóðir í smíðastofu Álfagerðis. Krakkarnir teikna á efnivið og eldri kynslóðin grófvinnur hugmyndir þeirra í vélum, síðan fínvinna krakkarnir „hlutinn“ sinn og mála.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Hjalti Örn Ólason	Ástarsaga í vitunum	500.000 kr.

Markmiðið er að segja ástarsögu í sterkum tengslum við vesturströnd Reykjanesskaga milli gamla Garðskagavita og Reykjanesvita. Að efla staðarvitund íbúa og ferðamanna og auka samband þeirra við svæði. m.a. með fræðslu og útivist. Að efla ferðamennsku á þessu svæði á fallegan hátt.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Geimsteinn ehf.	Góðvinir Geimsteins	450.000 kr.

Góðvinir Geimsteins eru stofutónleikar á Skólavegi 12 þar sem greint er frá þeim tónlistarmönnum sem heimsóttu upptökuheimili Geimsteins. Með verkefninu er verið að auðga flóru menningarviðburða á Suðurnesjum.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Reykjanesbær	Skrásetning munnlegra heimilda um roksöguna	800.000 kr.

Verkefnið felst í að taka viðtöl við einstaklinga sem annað hvort voru hluti af íslenskri popp- og roksögu eða eiga minningar tengdar tónlistarupplifun. Ólíkt hefðbundnum nálgunum verður áherslan á áheyrendur og upplifun þeirra. Stefnt er að 20 viðtölum sem verða varðveitt í Byggðasafni Reykjanesbæjar og sýnd í nýrri sýningu Rokksafns Íslands í Hljómahöll í mars 2026.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Kvenfélagið Fjóla	Afmælisrit í tilefni af 100 ára afmæli félagsins	120.000 kr.

Markmið verkefnisins er að rita og gefa út afmælisrit í tilefni af 100 ára afmæli Kvenfélagsins Fjólu þar sem saga, starf og samfélagslegt framlag félagsins er dregið fram á heildstæðan og aðgengilegan hátt. Með ritinu er leitast við að varðveita og miðla sögu félagsins til komandi kynslóða.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Hilmar E. Sveinbjörnsson	Endurgerð fræðslu- og upplýsingaskilta	500.000 kr.

Markmið verkefnisins er að endurgera fræðslu- og upplýsinaskilti sem bæði hafa skemmst og láta á sjá. Markmið með verkefninu er ennfremur að miðla sögu og menningu svæðisins. Skiltunum er ætlað að vera lykill gesta að stöðunum sem þeir heimsækja með það að markmiði að dýpka söguvitund þeirra á svæðinu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Þórunn Harðardóttir	Íslensk víóla í sjónmáli	180.000 kr.

Dúettinn Dys ætlar að halda ferna tónleika á árinu 2026 og vonast til að geta hafið tónleikaferðalag sitt á heimslóðum með því að halda tónleika í Bergi, tónleikasal Hljómahallar sem hentar alveg sérstaklega vel fyrir flutning á lifandi tónlist.



Efri mynd: Már Gunnarsson sem hlaut styrk fyrir Már & the Royal Northern Collage of Music Session Orchestra.
 Neðri mynd: Sigrún Svafa Ólafsdóttir fyrir hönd Reykjanes jarðvangs sem hlaut styrk fyrir verkefnið Stóru sólmyrkvagleraugun.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Kvennakór Suðurnesja	Landsmót Íslenskra Kvennakóra	2.000.000 kr.

Landsmót íslenskra kvennakóra verður haldið í Reykjanesbæ 11.-13. júní 2026. Gestgjafi mótsins er Kvennakór Suðurnesja. Kórar frá öllum landshlutum sækja mótið og eru mótsgestir um 500 konur. Haldnir verða tvennir tónleikar, annars vegar flytja kórarnir sitt eigið prógramm og síðan verða sameiginlegir tónleikar þar sem kórarnir flytja lög úr smiðjum sem haldnar verða á mótinu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Már Gunnarsson	Már & the Royal Northern Collage of Music Session Orchestra	1.000.000 kr.

Tónlistarmaðurinn og Ólympíufarinn Már Gunnarsson heldur tónleika ásamt The Royal Northern College of Music Session Orchestra í Hljómahöll Reykjanesbæ í nóvember 2026. Á tónleikunum verða flutt vel valin lög í ævintýrlegum sífónískum útsetningum. Markmiðið er að stuðla að fjölbreyttu tónleikahaldi í Reykjanesbæ.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Þingmannaleið ehf.	Sögur af Vellinum	450.000 kr.

Bókin Sögur af Velli, er saga um líf og starf Íslenskra starfsmanna varnarliðsins. Sagan er full af skemmtilegum lýsingum á störfum, starfsaðstöðu og þeim hlunnindum sem fólust í því að vinna á vellinum.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Suðurnesjabær	Skelin barnamenningarhátíð í Suðurnesjabæ	2.000.000 kr.

Með barnamenningarhátíðinni Skelinni viljum við tryggja að öll börn fái tækifæri til að kynnst menningu og listum með inngildingu að leiðarljósi. Með því að gera barnamenningu hátt undir höfði aukum við sjálfstraust barna og ungmenna og sköpum vettvang fyrir fjölskyldur til virkrar þátttöku í samfélaginu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Hótel Hafnir ehf.	Grjóthleðslunámskeið í Höfnum	1.400.000 kr.

Grjóthleðslunámskeiðin í Höfnum miða að endurreisn og viðhaldi fornhleðslna á einu merkasta minjasvæði Reykjanesbæjar. Þátttakendur læra hefðbundna hleðslutækni undir leiðsögn sérfræðings og vinna að endurbyggingu hlaðinna mannvirkja í Kirkjuvogshverfi, þar sem finna má elstu byggð á Reykjanesi. Verkefnið tengir saman handverk, sögu og samfélag í anda sjálfbærrar menningarverndar.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Reykjanesbær	Kynning á bókmenntaarfinum	1.000.000 kr.

Markmið verkefnisins er að kynna bókmenntaarfinn, minna á gamla og góða höfunda og bókmenntaverk, kynna yngri höfunda og verk þeirra, leggja áherslu á læsi og mikilvægi lesturs og auka með því þekkingu almennings á bókmenntum og töfraheimi þeirra og efla um leið menningarlífið á svæðinu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Halla Karen Guðjónsdóttir	Leiklistarnámskeið fyrir börn á Suðurnesjum	1.000.000 kr.

Verkefnið snýr að því að halda leiklistarnámskeið fyrir börn og ungmenni á Suðurnesjum. Lögð verður áhersla á leiklist, framkomu og söng en markmiðið er að þátttakendur geti, með því að taka þátt í sviðslistum, eftt sjálfstraust sitt og aukið samskiptafærni sína.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Gunnhildur Þórðardóttir	Skáldasuð Suðurnes og systrahátíð á Seyðisfirði	400.000 kr.

Verkefnið Skáldasuð er lítil ljóðahátíð þar sem skáldum frá Suðurnesjum hefur verið fagnað með ýmiskonar uppákomum í formi ljóðalestrar á mörgum stöðum. Upplesturinn hefur verið í formi hefðbundins ljóðupplesturs, sýningum, skáldasmiðjum og öðrum listsmiðjum og eða með myndbandsupptöku.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Áki Ásgeirsson	Strandmenningarmiðstöð á Suðurnesjum	140.000 kr.

Strandmenningarmiðstöð á Suðurnesjum er LIFANDI vettvangur fyrir sjávartengda fræðslu, listsköpun og viðburði. Greining, þróunarvinna og kynning nýrrar Strandmenningarmiðstöðvar sem er fyrsta sinnar tegundar á Íslandi.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Reykjanes jarðvangur	Stóru sólmyrkvagleraugun	2.700.000 kr.

Almyrkvi á sólu er einstök upplifun á ævi langflesttra. Þeir vekja jafnan mjög mikla athygli, ekki síst barna á grunnskólaaldri. Almyrkvinn 12. ágúst 2026 mun verða mjög sýnilegur í Reykjanes jarðvangi og búast má við gríðarmiklum áhuga heimafólks á myrkvanum, ásamt fjölda ferðalanga. Markmið þessa verkefnis er að undirbúa þennan stóra viðburð vel, sérstaklega fyrir íbúa í jarðvanginum – tryggja þeim örugga upplifun með sólmyrkvagleraugum og fræðslu um viðburðinn.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Guðlaug María Lewis	Barnamenning í Reykjanesbæ	2.500.000 kr.

BAUN: Barnamenningarhátíð í Reykjanesbæ er samstarfsverkefni menningarfulltrúa og menningarstofnana Reykjanesbæjar, allra 12 leikskóla bæjarins, allra 7 grunnskólanna, Fjörheima og Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Það má því segja að BAUN snerti með einum eða öðrum hætti flestar fjölskyldur á svæðinu. BAUN er hattur yfir fjölmörg verkefni sem líta dagsins ljós á sérstakri hátíð tileinkaðri fjölbreyttri menningu barna og ungmenna.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Magnea Tómasdóttir	Tónleikaröð í Hvalsneskirkju	500.000 kr.

Markmið verkefnis er að auka fjölbreytni í klassísku tónleikahaldi á svæðinu. Samfélagslegur ávinningur er sá að fólk á Suðurnesjum getur sótt tónleika með helstu listamönnum þjóðarinnar í heimabyggð. Einnig veitir svona tónleikaröð fólki annars staðar frá tækifæri til að heimsækja Suðurnes og njóta fjölbreyttrar menningar og þjónustu.



Efri mynd: frá BAUN: Barnamenningarhátíð í Reykjanesbæ.

Neðri mynd: Systurnar Helga og Oktavía Ragnarsdætur hjá Minja- og sögufélagi Vatnsleysustrandar (mynd tekin frá Víkurfréttum) sem hlutu styrk fyrir verkefnið Samkomuhúsið Kirkjuhvoll.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Reykjanesbær	Endurheimt – björgun og skráning verka	400.000 kr.

Listasafn Reykjanesbæjar tók við verkum Vilhálms Bergssonar (f. 1937) sem bjargað var úr húsi hans í Grindavík 2023. Safnið varðveitir nú verkin, sem eru í misjöfnu ástandi og krefjast umfangsmikillar skráningar, þrifa og forvörslu. Ævistarf Vilhálms er merkilegt vitnisburð um íslenska myndlist 20. aldar og verkefnið tryggir varðveislu og rannsókn á þeim arfi til framtíðar.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Minjafélag Vatnsleysustrandar	Samkomuhúsið Kirkjuhvoll	1.500.000 kr.

Samkomuhúsið Kirkjuhvoll á Vatnsleysuströnd var byggt árið 1933. Bygging þess var samstarfsverkefni Ungmennafélags Þróttar og Kvenfélagsins Fjólu í Vatnsleysustrandarhreppi sem þurftu húsnæði fyrir starfsemi sína. Markmið Minjafélagsins er að halda áfram að gera Kirkjuhvol upp og færa í sem næst upprunalegu horfi. Húsið mun verða nýtt fyrir smærri samkomur og tilfallandi verkefni auk þess sem sögu hússins og félaganna sem það byggðu verður þar gerð skil.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Hvalsnessetrið ehf.	Sómahjónin Guðríður og Hallgrímur III	750.000 kr.

Í þessum lokahluta verður fullkomnuð hönnun sýningarinnar og gefin út fjölmála sýningarskrá sem tengir sagnfræðilegar heimildir, myndlist og hönnun. Verkið sameinar rannsókn, texta, list og grafíska útfærslu í heildræna upplifun sem gerir 17. aldar Hvalsnes aðgengilegt nútímagestum.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Jana María Guðmundsdóttir	Landamærabörnin	500.000 kr.

Landamærabörnin er þátttökuleiksýning í leikstjórn Jönu Maríu Guðmundsdóttur með leikhópi mynduðum af nemendur á unglingastigi í grunnskólum á Suðurnesjum. Verkefnið varpar ljósi á sögur úr bæjarlífinu í kringum seinna stríð og umbreytinguna úr því að vera sjávarpláss yfir í blómstrandi bæjarfélag.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Steinbogi Kvikmyndagerð ehf.	Leiðin að ljósinu	1.200.000 kr.

Með þessu verkefni hefur Guðmundur vakið athygli á geðheilbrigðismálum á einstakan hátt sem snertir bæði hans nærumhverfi og samfélagið djúpt. Verkefnið fór af stað þann 30. september 2024, en þá hóf Guðmundur sínar daglegu göngur upp að Garðskagavita og skrásetningu þeirra á myndform og stefnir á tvö ár samfleytt. Samhliða verður unnin heimildarmynd sem fangar þetta ferðalag og miðlar von, styrk og vitund um að baráttan fyrir geðheilbrigði sé langhlaup.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Dagný Maggýjardóttir	Táraborg – hlaðvarp um Skjaldarbrunnann	800.000 kr.

Markmið verkefnisins er að miðla sögunni um brunann í Skildi með viðtölum í hlaðvarpi í þremur þáttum sem fluttir verða á Rúv árið 2026 í tilefni þess að 90 ár eru liðin frá atburðinum. Rætt verður við aðstandendur þeirra sem sóttu þá örlagaríku jólatrésskemmtun árið 1935 þegar eldur varð laus með þeim afleiðingum að 10 manns létu lífið, þar af sjö börn. Horft verður til þess hvaða áhrif atburðurinn hafði á samfélagið og sorgarúrvinnslu þess en þögn hefur ávallt sveipað hann.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Þekkingarsetur Suðurnesja	Hvar eru Hvalirnir	2.000.000 kr.

Hvar eru hvalirnir? er fyrsta þróunarverkefni Þekkingarseturs Suðurnesja með nýjum áherslum á hvalarannsóknir. Aðalmarkmið þess að safna saman gögnum um hvali á Suðurnesjum og um leið stuðla að vitundarvakningu almennings á svæðinu um lífríki hafsins.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Fida Abu Libdeh	Nanó-kísill úr jarðhita – prófanir í landbúnaði	3.300.000 kr.

GeoSilica Iceland hf. framkvæmir prófanir á virkni jarðhita nanó-kísils í grænmetisrækt í samstarfi við Lambhaga ehf. Verkefnið byggir á niðurstöðum REGEOSS-verkefnisins (Eurostar) og miðar að því að staðfesta áhrif efnisins á gæði, næringar nýtingu og álag þol plantna við íslenskar aðstæður. Markmiðið er að þróa græna lausn sem styður við nýsköpun og sjálfbæran landbúnað á Íslandi.



Efri mynd: Fida Abu Libdeh sem hlaut styrk fyrir Nanó-kísill úr jarðhita – prófanir í landbúnaði (GeoSilica Iceland hf.).

Neðri mynd: Neskja ehf. hlaut styrk fyrir verkefnið Hágæða handverkskonfekt handa heimamönnum.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Petra Ruth Rúnarsdóttir	Saunagus Reykjanes	1.200.000 kr.

Saunagus Reykjanes býður uppá nýjung í strandmenningu á Suðurnesjum sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu íbúa auk annarra gesta. Hugmyndin byggir á viðarkyntri saunu sem byggð er inn í 20 feta gámi. Þar getur fólk sótt handleidda saunutíma þar sem skiptast á lotur í sjó/kæling og saunu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Bryndís Guðmundsdóttir	Málhljóðavaktin Froskaleikur- þróun lokaútgáfu	1.000.000 kr.

Þróa á Froskaleikinn – Skólameistarann, íslenskt smáforrit, yfir á nýja miðlunarleið sem verður aðgengileg öllum skólum og fjölskyldum án kostnaðar. Um nýja veflausn verður að ræða sem verður unnin í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og Therapy Box í Bretlandi. Gætt verður að sem bestri gagnvirkni sem styður við upplifun og þjálfun barna í íslensku. Hjallastefnuskólar á Suðurnesjum og víðar um landið taka þátt í prófunum á virkni og árangri.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
DroneTrails ehf.	DroneTrails ferðaþjónustufyrirtæki	300.000 kr.

DroneTrails mun halda áfram að þróa og efla einstaka ferðaupplýfun fyrir áhugafólk um dróna og ljósmyndun. Markmiðið er að byggja ofan á þann frábæra árangurs sem hefur náðst. Halda áfram að skipuleggja og fara í ferðir um landið. Þar á meðal á Suðurnesjum þegar tækifæri gefast – þar sem ferðamenn fá að upplifa og fanga Ísland úr lofti.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Litla Brugghúsið ehf.	Aukin sóknarfæri – dósavél	2.000.000 kr.

Litla brugghúsið er lítið handverksbrugghús á Reykjanesi. Fyrirtækið framleiðir bjór og tekur á móti hópum í bjórsmakk og kynningu. Til að komast á nýja markaði er komin þörf á að fjárfesta í dósavél. Dósavél myndi auka sölu, framleiðslu og sýnileika fyrirtækisins og styðja þannig við aðra þætti starfseminnar.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Urta Islandica ehf.	Sjóðavatn	2.000.000 kr.

Kaup á RO-vél til framleiðslu á Sjóðavatni – náttúrulegum steinefnadrykk úr jarðsjó á Suðurnesjum. Drykkurinn ber heitið Bára, er vistvænn og hreinn valkostur á markaði og byggir á sjálfbærri tækni og nýtingu staðbundinna auðlinda.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Jóhann Þór Stefánsson.	Ný kynslóð íslenskra dróna með opnum arkitektúr	2.000.000 kr.

Drónatækni ehf. ætlar að mæta brýnni þörf innlendra aðila sem hafa þurft að reiða sig á erlenda aðila til kaupa á drónum, þjónustu, viðhaldi, ráðgjöf og sérstaklega hugbúnaði til starfrækslu þeirra. Forritun og innleiðing dreifðra netþjóna til fjarstýringa dróna í gegnum vafra hvar sem er í heiminum yfir nettengingu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Neskja ehf.	Hágæða handverkskonfekt handa heimamönnum	2.000.000 kr.

Verkefnið felst í stofnun konfektgerðar með lítilli verslun á Suðurnesjum, nánar tiltekið í Grindavík, undir merkinu Neskja. Þar verður framleitt hágæða handgert konfekt og vörur úr súkkulaði ásamt árstíðabundnum sætindi í litlu magni með áherslu á frumleika og fagurfræði.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Reykjanesbær	Virkniþing Suðurnesja	750.000 kr.

Virkniþing Suðurnesja er viðburður sem sveitarfélögin á Suðurnesjum standa fyrir. Yfir 30 aðilar frá félagasamtökum, íþróttafélögum, ríki og sveitarfélögum verða með kynningarbása um framboð þeirra á virkni og tómstundum á Suðurnesjum. Virkniþingið er hugsað fyrir öll þau sem starfa með íbúum á svæðinu og sérstaklega þau sem veita íbúum utan vinnumarkaðar ráðgjöf og stuðning. Virkniþingið er engu að síður opið öllum íbúum þar sem má sjá fjölbreytt framboð á virkni á Suðurnesjum.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Íslandshús ehf.	Snjallar hraðahindranir	2.500.000 kr.

Snjallar hraðahindranir áfangi 2, þar sem markmiðið er að framleiða forsteyptar hraðahindranir samkvæmt hönnunarforsendum 1. áfanga verkefnisins. Hönnun og smíði stálmóta og framleiðsla eininga í heilstæðar hraðahindranir sem settar verða niður í vegi í Reykjanesbæ. Samstarfsverkefni þekkingarmikilla og reyndra fyrirtækja og bæjarfélaga með það markmið að stytta framkvæmdatíma.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Fjórhlólaævintýri ehf.	Leiðin að grænni framtíð – Græn upplifun	1.500.000 kr.

Verkefnið felur í sér kynningu og markaðssetningu á grænni þjónustu Fjórhlólaævintýri, þar sem boðið er upp á gönguferðir og ferðir á rafmagnsscooterum um Grindavík. Lögð er áhersla á sögu, menningu og náttúru svæðisins, bæði fyrir og eftir náttúruatburði, með það markmið að efla sjálfbæra ferðaþjónustu og lengja dvalartíma gesta á Suðurnesjum.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Hringvarmi ehf.	Enabling a Sustainable Suðurnes	1.200.000 kr.

Verkefnið Hringvarmi snýst um að þróa vöru af Hringvarmaeiningu sem, í samstarfi við at North ehf., hefur þróað einstaka lausn til að safna beinni varmaorku frá gagnaverum inn í gámalausnir til ræktunar á örgrænmeti. Ein eining verkefnisins verður staðsett á Suðurnesjum og hönnun nýsköpunarlausnarinnar aðlöguð þannig að hún geti einnig safnað „sóaðri“ varmaorku frá öðrum lykilgreinum atvinnulífsins á Suðurnesja.



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURNESJA